

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 26. maí 2026

Mál nr. S-6386/2025:

Héraðssaksóknari

(Sigurður Ólafsson saksóknari)

gegn

X

(Bjarni Hauksson lögmaður)

(Inga Lilly Brynjólfssdóttir lögmaður, réttargæslumaður brotaþola)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 28. apríl sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 3. nóvember 2025, á hendur X fyrir nauðgun og kynferðisbrot gegn barni, með því að hafa tvisvar sinnum á árinu 2025 á leikskólanum, Y haft önnur kynferðismök en samræði við A en ákærði misnotaði freklega yfirburðastöðu sína gagnvart stúlkunni, brást trausti hennar og trúnaði sem starfsmaður leikskólans og í annað skiptið, sbr. ákærulið 2, jafnframt notfært sér að þannig var ástatt um stúlkuna að hún gat ekki spornað við verknaðnum sökum svefndrunga, svo sem hér greinir:

1. Þriðjudaginn 12. ágúst, dregið niður buxur A inni á salernisbás, tekið stúlkuna upp þannig að hún sneri baki í hann og sett getnaðarlim sinn á milli læra hennar og viðhaft samfarahreyfingar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Á tímabilinu september 2024 til maí 2025, í hvíldarherbergi þar sem A lá sofandi, kropið fyrir aftan stúlkuna, dregið buxur hennar niður og sett getnaðarlim sinn á milli læra hennar og viðhaft samfarahreyfingar.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu B f.h. ólögráða dóttur sinnar, A, er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni skaða- og miskabætur að fjárhæð kr. 7.000.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 12. ágúst 2025 en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Hinn 9. apríl sl. gaf héraðssaksóknari út aðra ákæru á hendur ákærða, sem sameinuð var máli þessu, fyrir kynferðislega áreitni gegn barni en til vara fyrir brot gegn barnaverndarlögum með því að hafa á árinu 2025 á leikskólanum, Y í nokkur skipti bitið í rassinn á C en með háttseminni sýndi ákærði af sér ruddalegt og ósiðlegt athæfi.

Telst þetta aðallega varða við 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en til vara við 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu D f.h. ólögráða dóttur sinnar, C, er þess krafist að ákærði greiði henni skaða- og miskabætur að fjárhæð kr. 2.000.000, - auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 12. ágúst 2025 en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Kröfur ákærða

Ákærði játar sök í 1. lið ákæru frá 3. nóvember sl. en við þingfestingu málsins tók hann fram að hann neitaði því þó að hafa viðhaft samfarahreyfingar. Ákærði neitar sök í ákærulið 2 og vegna ákæru frá 9. apríl sl.

Verjandi ákærða krefst þess aðallega að honum verði ekki gerð refsing vegna ákæruliðar 1 í ákæru frá 3. nóvember 2025 og hann verði sýknaður af sakargiftum í ákærulið 2 í sömu ákæru og ákæru frá 9. apríl 2026. Til vara krefst hann þess að ákærða verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa vegna ákæruliðar 1 í ákæru frá 3. nóvember 2025 og þess að honum verði ekki gerð refsing vegna ákæruliðar 2 í sömu ákæru og ákæru frá 9. apríl 2026.

Samhliða krefst hann þess að ákærði verði sýknaður af sakargiftum um nauðgun í fyrri ákæru, frá 3. nóvember 2025, og háttsemin verði þess í stað talin önnur kynferðisleg áreitni skv. 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Jafnframt krefst hann þess að frá refsivist verði dreginn sá tími sem ákærði hefur sætt gæsluvarðhaldi.

Verjandi ákærða krefst þess einnig að bótakrafa í ákæru frá 3. nóvember 2025 verði lækkuð verulega. Hann krefst þess aðallega að bótakröfu í ákæru frá 9. apríl 2026 verði vísað frá dómi en til vara að hún verði lækkuð verulega.

Að lokum krefst hann þess að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun verjanda.

Málsatvik

Ákæra dags. 3. nóvember 2025

Síðdegis 12. ágúst 2025 barst lögreglu tilkynning um grun um kynferðisbrot gegn [...] ára stúlku, brotapolanum A. Var óskað eftir aðkomu Barnaverndar [...] og fór fulltrúi barnaverndar á heimili brotapola þar sem tekið var könnunarviðtal. Í viðtalinu greindi brotapoli frá því að hún hefði verið á klósettinu í leikskólanum og C vinkona hennar verið að pissa í koppinn þegar ákærði hefði „sett punginn inn í pjölluna hennar“. Brotapoli sagði einnig að ákærði hefði ekki farið alveg úr buxunum heldur „opnað“ þær. Spurð hvort hún fyndi til eða væri með verki benti hún á hálsinn og sagði að hún væri með „óó“ þar en gaf ekkert frekari upplýsingar um verki annars staðar. Þegar spurt var hvort ákærði hefði sagt eitthvað meðan á atvikinu stóð kvað hún svo ekki vera. Sagði hún að í kjölfarið hefði hún farið út að leika sér. Aðspurð hvort ákærði hefði áður gert eitthvað sambærilegt játaði hún því, en sagði að það hefði verið fyrir löngu og gat ekki greint nánar hvenær það hefði átt sér stað.

Í kjölfar framangreinds fór brotapoli á bráðadeild Barnaspítala Hringsins í fylgd móður sinnar þar sem framkvæmd var réttarlæknisfræðileg rannsókn. Samkvæmt læknisvottorði E, sérfræðings í barnalækningum, dags. 14. ágúst 2025, sáust engir nýlegir áverkar á brotapola. Kynfærasvæði hennar var skoðað og reyndist það eðlilegt án merkja um sár, rifur, blæðingar eða aðra áverka. Tekin voru átta lífsýni frá kynfærasvæði.

Lögregla tók skýrslu af móður brotapola á Barnaspítalanum. Greindi hún þar frá því að brotapoli hefði sagt frá því í bílnum á leiðinni úr leikskólanum að „svolítið skrýtið“ hefði gerst þar. Brotapoli hefði þá farið að flissa, líkt og henni þætti vandrædalegt að segja frá atvikinu, og síðan greint frá því að ákærði hefði „sett punginn í pikuna hennar“. Móðirin kvaðst hafa spurt hvenær þetta hefði átt sér stað og brotapoli svarað að það hefði verið sama dag inni á baðherbergi leikskólans. Brotapoli hefði jafnframt sagt að C, vinkona hennar, hefði verið inni á baðinu og verið að fara að pissa þegar atvikið átti sér stað. Að auki hefði brotapoli sagt að henni þætti skrýtið að pungur ákærða [...].

Ákærði var handtekinn á heimili sínu að kvöldi 12. ágúst 2025. Í lögreglubifreið á leið á lögreglustöð var honum kynnt að málið lyti að grun um kynferðisbrot gegn barni. Kvaðst hann þá skilja ástæðu afskipta lögreglu, gangast við því sem hefði gerst og vilja vera heiðarlegur. Tekin var skýrsla af ákærða á lögreglustöð og fór hann í kjölfarið í réttarlæknisfræðilega skoðun. Daginn eftir var framkvæmd húsleit í herbergi ákærða á heimili foreldra hans. Voru tölva hans og sími haldlögð en ekkert fannst sem tengst gat sakarefni málsins.

Gerð var réttarlæknisfræðileg skoðun á ákærða og reyndist hún eðlileg og engin áverkamerki sjáanleg. Tekið var strok frá getnaðarlim og pungu.

Við rannsókn lífsýna komu í ljós fáar þekjufrumur og engar sýnilegar sæðisfrumur. Sýnin voru send til Svíþjóðar til frekari greiningar. Niðurstöður þeirrar greiningar voru þær að í öllum sýnum sem tekin voru frá ákærða greindist DNA-snið hans sjálf. Í tveimur af átta sýnum frá brotþola greindist DNA-snið hennar. Ekkert sæði fannst í neinu sýnanna og í fimm þeirra greindist ekkert DNA þegar leitað var með tilliti til þekjufruma.

Vettvangur atburðarins var ljósmyndaður 14. ágúst 2025. Þar sem um leikskóla er að ræða og gera má ráð fyrir að fjöldi lífsýna frá börnum og starfsfólki sé þar til staðar var ekki talið tilefni til að afla lífsýna af vettvangi.

Brotþoli gaf skýrslu í Barnahúsi 15. ágúst 2025. Kvaðst hún þá vera á Y. Þegar hún var spurð um starfsmenn leikskólans, sérstaklega ákærða, og hvort eitthvað óvenjulegt hefði gerst í samskiptum þeirra, sagði hún að ákærði hefði „sett pung í pjöllu mína“. Hún lýsti því að ákærði hefði tekið hana upp á klósettinu og gert eitthvað sem má ekki gera. Hann hefði sett punginn í pjölluna hennar og að því loknu hefði „það verið búið“ og hann „sett buttin upp“. Aðspurð hvernig henni hefði liðið sagði hún: „Vel.“ Spurð hvort hún hefði meitt sig svaraði hún: „Ég meiddi mig á tásunni“ og kvað það hafa gerst í leikskólanum.

Brotþoli var spurð hvort atvikið inni á baðherberginu hefði gerst einu sinni eða oft. Hún svaraði ítrekað: „Einu sinni.“ Hún bætti við að þetta hefði gerst „óvart“. Aðspurð hvort einhver annar hefði verið inni á klósettinu þegar þetta gerðist sagði hún að C hefði verið þar. Spurð hvort ákærði hefði gert svona við önnur börn svaraði hún játandi og nefndi C. Sagðist hún vita það þar sem C hefði verið [...]. Brotþoli var síðan spurð hvort eitthvað sambærilegt hefði gerst þegar hún var á [annarri deild]. Hún svaraði játandi og sagði að ákærði hefði þá verið [...] ára „líka“ og gert þetta óvart. Hann hefði „ekkert séð“. Hún sagði að hann hefði sett punginn á pjölluna hennar og aðspurð hvernig pungur hans liti út kvað hún hann vera [...].

Tekin var skýrsla af ákærða á lögreglustöð 12. ágúst 2025. Í upphafi neitaði hann að tjá sig um sakarefnið og kvaðst einungis hafa aðstoðað brotþola á klósettinu. Varðandi ummæli brotþola um pung hans kvaðst hann telja að hún hefði séð hann þegar hann

gleymdi að læsa að sér á starfsmannaklósettinu. Síðar í skýrslutökunni greindi hann frá því að hann hefði tekið brotþola upp, buxnalausa, snúið henni með rassinn að klofi sínu utan klæða og gert „hömp“-hreyfingu í nokkrar sekúndur. Að lokum játaði hann að hafa dregið niður um sig buxurnar, tekið brotþola upp þannig að hann hélt um mjöðm hennar með annarri hendi og undir bringu hennar með hinni, og sett hana að kynfærum sínum þannig að stífur getnaðarlimur hans hefði verið á milli læra hennar. Hann kvaðst hafa gert samfarahreyfingar í nokkrar sekúndur, að eigin mati um þrjár sekúndur, en neitaði að hafa farið inn í kynfærin. Hann teiknaði upp mynd af aðstæðum á baðherberginu sem sýndi hann með brotþola inni í klósettbasnum og þrjú börn fyrir utan.

Í skýrslutöku hjá lögreglu 16. sama mánaðar lýsti ákærði háttsemi sinni á sambærilegan hátt og áður. Hann kvaðst hafa tekið brotþola upp og „hömpað“ henni í þrjár sekúndur. Hann kvaðst hafa verið með holdris en ekki fengið sáðlát. Hann sagðist hafa látið af háttseminni þegar hann gerði sér grein fyrir því að það sem hann væri að gera væri rangt. Hann neitaði því að nokkuð þessu líkt hefði gerst áður og kvaðst ekki hafa hugleitt slíkt fyrirfram. Ákærði kvaðst þennan dag hafa drukkið Monster-orkudrykk í hádeginu en eftir neyslu orkudrykkja yrði hann oft „hyper“ og hugsaði ekki rétt. Hann sagðist stundum fá kynferðislegar hugsanir en yfirleitt ná að stöðva þær með því að beina huganum að tölvuleikjum.

Hinn 26. sama mánaðar var á ný tekin skýrsla af ákærða. Kvaðst hann þá aldrei hafa snert önnur börn en brotþolann A og sagðist hafa „hugsað vitlaust“ þegar hann hefði hegðað sér með þeim hætti sem lýst hafði verið.

Enn var tekin skýrsla af ákærða 19. september 2025. Við þá skýrslutöku sagðist hann hafa misst stjórn á sér gagnvart brotþola. Atvikið hefði varað í þrjár sekúndur en hann hefði hætt um leið og hann áttaði sig á því hvað hann væri að gera. Hann kvaðst hafa verið miður sín þegar hann kom heim og haft áhyggjur af því að lenda í vandræðum. Hann neitaði áfram að hafa áður brotið gegn brotþola eða nokkru öðru barni.

Að lokum var tekin skýrsla af ákærða 13. október 2025. Var hann þar spurður nánar út í atvikið 12. ágúst og neitaði hann því að nokkuð slíkt hefði gerst áður. Honum var þá kynntur framburður starfsmanns leikskólans um atvik þar sem hún hefði komið til að leysa hann af við að fylgjast með börnum í hvíld og brotþoli legið með útglennna fætur og verið að fikta í kynfærum sínum. Ákærði kvaðst í fyrstu ekki vita af hverju þetta hefði verið en eftir að lögreglumenn lýstu vantrú á skýringum hans játaði hann að hafa áður brotið gegn brotþola. Hann lýsti því að hafa misst stjórn á sér og gert hið sama og í hinu tilvikinu þar sem brotþoli hefði legið sofandi á hliðinni. Hann neitaði áfram brotum gegn öðrum börnum.

Við rannsókn málsins var F sálfræðingur dómkvaddur til að leggja mat á vitsmunapróska ákærða, hugarfar, persónulegar aðstæður, möguleika á þroskaröskun,

skilning ákærða og getu til tjáningar, hvort hann sé leiðitumur og geri sér grein fyrir muninum á réttu og röngu og hvort hann eigi í erfiðleikum með að lesa í félagslegar aðstæður og setja mörk varðandi óviðeigandi samskipti. Í niðurstöðum matsgerðar, dags. 22. október 2025, kemur fram að ákærði hafi alla tíð átt erfitt með félagslega aðlögun og ekki sótt mikið í samskipti við aðra. Hann hafi átt í námsörðugleikum og þurft á sérkennslu að halda frá unga aldri. Hann hafi um árabíl verið bæði í staðnámi og fjarnámi til að ljúka stúdentsprófi en árangur ekki verið nægjanlegur. Hann virðist þó hafa næga starfsgetu og hafi starfað með námi, m.a. í verslunum og síðar á leikskóla.

Að sögn ákærða og foreldra hans liggi ekki fyrir fyrri greiningar og hann hafi ekki áður farið í sálfræðilegt mat. Vitsmunapróski hans hafi verið metinn með stöðluðu greindarprófi með íslenskum viðmiðum og undirprófum með erlendum viðmiðum. Niðurstöðurnar sýni vitsmunapróska á tornæmisstigi. Málfarsleg hæfni sé á mörkum tornæmis og vægrar þroskahömlunar, með verulegum veikleikum í orðaforða, orðaskilningi og reikningi. Þá komi fram veikleikar í vinnsluminni. Verklegr greind mælist á mörkum lágrar meðalgreindar og tornæmis en frammistaða hafi verið best þegar reyndi á sjónræna skipulagningu. Niðurstöðurnar séu í samræmi við námssögu ákærða. Ákærði geti lært með stuðningi og hvatningu en án slíks sé nám honum erfitt. [Upplýsingar um fjölskyldu ákærða eru felldar úr birtri dómsúrlausn.]

Ákærði sé ekki metinn með þroskahömlun en ljóst sé að slakur vitsmunapróski, einkum í orðaforða og orðaskilningi, hafi áhrif á skilning hans og færni í daglegu lífi sem og tjáningarhæfni. Í samskiptum við hann sé mikilvægt að taka mið af þroskastöðu hans, forðast flókin og löng orð og gæta að því að setningar séu ekki of langar eða innihaldi flóknar ályktanir.

Í viðtölum við matsmann og samkvæmt upplýsingum frá sálfræðingi í fangelsi virðist ákærði viðmótsþýður og fylgi leiðbeiningum. Hann skipti um skoðun ef reynt sé að sannfæra hann. Vísbendingar séu því um að hann sé leiðitumur og eigi erfitt með að setja mörk. Hann sé þó ekki með þroskahömlun og hafi því getu til að leyna upplýsingum fremur en að setja bein mörk. Hann geti verið leiðitumur gagnvart sterkum einstaklingum en að öðru leyti ekki.

Ákærði búi [...]. Hann hafi sótt skóla og vinnu og verið duglegur þótt árangur í námi hafi verið takmarkaður. Félagslega hafi hann átt erfitt og verið einangraður utan vinnu, varið miklum tíma í tölvuleiki og samskipti í gegnum tölvu. Hann eigi þó góð tengsl við fjölskyldu og hafi stóra fjölskyldu í kringum sig. Hann sjái um eigin fjármál, sé með bílpróf, kunni að elda og virðist ráða við flestar daglegar athafnir.

Ákærði sé almennt heilsuhraustur og hafi ekki sögu um sjúkdóma, höfuðhögg eða geðræn vandamál. Hann hafi ekki verið á lyfjum fyrr en í fangelsi og ekki verið í geðmeðferð. Engar greiningar liggi fyrir vegna lesblindu, ADHD eða einhverfu. Samkvæmt fangavörðum og sálfræðingi í fangelsinu sýni hann engin geðræn einkenni. Engin saga

sé um hegðunarvanda, neyslu eða áföll. Hann lýsi einkennum félagskvíða í viðtali en ekki á sjálfsmatslista. Líklegast sé að um sé að ræða óöryggi og slaka sjálfsmynd fremur en félagsfælni. Á sjálfsmatslista skori hann á viðmiðum fyrir einkenni á einhverfurófi en hann upplifi enga hömlun vegna þeirra og foreldrar meti hann innan meðallags. Því séu ekki líkur á að hann sé á einhverfurófi. Engin ADHD-einkenni komi fram. Hann uppfylli engin viðmið fyrir geðgreiningar en lýsi eðlilegri depurð og áhyggjum vegna fangelsisvistar.

Varðandi kynferðislegar hugsanir og hvatir virðist ákærði óljós í frásögnum sínum. Hann neiti kynferðislegum áhuga á börnum en hafi viðurkennt kynferðislegan áhuga á brotaþola. Vísbendingar séu um víðtækari kynferðislegar hvatir gagnvart stúlkubörnum en hann gefi upp. Hann tali einnig um kynferðislegan áhuga á fullorðnum konum. Óljóst sé hvort eftirsjá hans sé vegna þess að upp um hann komst eða vegna raunverulegrar iðrunar. Hann virðist helst hafa áhyggjur af því að komast ekki heim [...].

Ákærði vísi til neyslu orkudrykkja sem skýringar á hegðun sinni en matsmaður telur það ofureinföldun þar sem ákærði sýni ekki einkenni hvatvísi eða hömluleysis og hafi almennt haft góða stjórn á hegðun og tilfinningum. Hann þurfi að vinna frekar með eigin hvatir gagnvart stúlkubörnum í sálfræðimeðferð.

Ljóst sé að vitsmunaproski ákærða sé slakur, en hann sé ekki með þroskahömlun og geri sér grein fyrir muninum á réttu og röngu. Þetta komi skýrt fram í skýrslutökum og viðtölum. Ákærði hafi ekki sýnt einhverfueinkenni og hafi verið auðvelt að ræða við hann. Hann sýni góða tengslahæfni og gagnkvæmni í samskiptum, bregðist við brosi og einlægni og kunni kurteisi og almennar samskiptareglur. Hann geti lesið í félagslegar aðstæður en skorti æfingu í samskiptum við jafnaldra. Varðandi getu hans til að setja mörk í óviðeigandi samskiptum hafi slakur vitsmunaproski áhrif, einkum vegna veikleika í orðaforða og skilningi. Hins vegar geri hann sér grein fyrir réttu og röngu og hafi getu til að setja mörk þótt hann geti átt erfitt með það í flóknum aðstæðum.

Undir meðferð málsins fyrir dómi voru dómkvaddir matsmenn til að meta sakhæfi og geðheilbrigði ákærða. Í samantekt og niðurstöðum matsgerðar G geðlæknis, dags. 26. nóvember 2025, kemur fram að ákærði sé mjög félagslega einangraður, bæði í skóla og á þeim vinnustöðum sem hann hafi starfað á. Hann sé reglusamur og enginn grunur sé um misnotkun lyfja. Hann verji miklum tíma í tölvuheimum og eigi samskipti við fólk aðallega í gegnum tölvu. Hann taki þátt í tölvuleikjum og jafnvel keppnum.

Ákærða hafi gengið fremur illa í námi, þótt hann hafi flust á milli bekkja. Hann hafi hafið nám í menntaskóla en ekki náð þar miklum árangri. Hann hafi starfað við afgreiðslu í matvöruverslunum og síðastliðin tæp tvö ár á leikskóla. Hann sé [...].

Ákærði segist örvast kynferðislega í kjölfar neyslu tiltekins orkudrykkjar. Hann geri sér grein fyrir að hafa brotið gegn stúlku 12. ágúst og lýsi mikilli eftirsjá vegna þess

atviks en neiti öðrum ásökunum sem bornar hafi verið á hann. Matsmaður telur að ákærði sé haldinn barnagirnd. Yfirleitt séu einkenni slíkrar röskunar víðtækari en ákærði viðurkenni. Barnagirnd sé erfið í meðferð og oft viðvarandi ástand. Ljóst sé að ákærði þurfi á verulegum sálfræðilegum stuðningi að halda meðan á fangelsisvist standi.

Matsmaður telur að ákærði sé ekki haldinn neinum þeim geðrænu vandamálum sem talin eru upp í 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Greindarmat F hafi metið heildargreind ákærða 75 IQ-stig. Ákærði geri sér grein fyrir að hafa gert rangt, lýsi eftirsjá og búist við að þurfa hugsanlega að sæta refsingu í kjölfar dóms. Ekkert komi í veg fyrir að refsing í formi fangelsisvistar kunni að geta borið árangur.

Í samantekt og niðurstöðum yfirmatsgerðar geðlæknanna H og I, dags. 7. mars 2026, kemur fram að ákærði sé ekki haldinn alvarlegum geðsjúkdómi. Ekkert í sögu hans bendi til þess að hann hafi nokkru sinni glímt við alvarlegan geðrænan vanda. Hvorki komi fram vísbendingar um geðrof eða geðrofssjúkdóma í dag né í fyrri sögu hans. Þá séu engin merki um að hann hafi á verknadarstundu verið með einkenni alvarlegs geðsjúkdóms. Hann sé ekki haldinn fiknisjúkdómi.

Yfirmatsmenn öfluðu sálfræðimats J þar sem heildargreindarvísitala ákærða var metin 74 stig. Í niðurstöðum F sálfræðings hafi greindarvísitala verið 75 stig. Ákærði tali fremur [...]. Hann sé ekki með alvarlega persónuleikaröskun og engin saga liggi fyrir um hegðunarvanda eða ofbeldi. Hann hafi verið líkamlega heilsuhraustur um ævina. Hann hafi sýnt merki um væga depurð og kvíða í fangelsi en ekki á því stigi að talin hafi verið þörf á meðferð.

Ákærði geri sér grein fyrir muninum á réttu og röngu og að afleiðingar gjörða hans geti varðað refsingu. Hann búist við að þurfa að afplána dóm í fangelsi. Hann átti sig á því að kynferðisleg hegðun hans þegar atvikið átti sér stað hafi verið algerlega óviðeigandi og refsiverð en eigi erfitt með að skilja til fulls áhrif gjörða sinna á brotaþola.

Yfirmatsmenn komast að þeirri niðurstöðu að ekkert bendi til þess að ákærði hafi verið alls ófær um að stjórna gjörðum sínum eða bera ábyrgð á þeim skv. 15. gr. almennra hegningarlaga þegar atvikið átti sér stað 12. ágúst 2025. Hann hafi ekki verið haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða sjúkdómi sem geti valdið rofnum tengslum við raunveruleikann. Ekkert í viðtölum bendi til andlegs vanþroska, vitglapa, hrörnnunar eða rænu-skerðingar af þeirri gráðu að þau firri hann refsíábyrgð, þótt greind hans mælist á tornæmisstigi samkvæmt mati tveggja reyndra sálfræðinga. Þrátt fyrir greind á tornæmisstigi telja yfirmatsmenn að 16. gr. almennra hegningarlaga eigi ekki við, hvorki vegna vanþroska, hrörnnunar, kynferðislegs misþroska né annarrar truflunar.

Ekkert í gögnum málsins eða viðtölum bendi til þess að refsing geti ekki borið árangur. Í geðrannsókn G geðlæknis og F sálfræðings hafi verið framkvæmd ítarleg skimun fyrir geðröskunum og einhverfurófi. Ekkert hafi komið fram í klínískum

viðtölum yfirmatsmanna sem gefi tilefni til endurtektar slíkra skimana. Þannig hafi ekkert komið fram í yfirmati sem bendi til þess að refsing ætti ekki að geta borið árangur.

Í tengslum við gerð yfirmatsins fengu yfirmatsmenn J sálfræðing til að leggja óháð mat á vitsmunalega getu ákærða. Samkvæmt skýrslu hans, dags. 14. janúar 2026, er það niðurstaða greindarmatsins að vitsmunaleg geta ákærða falli á lágt bil, með heildargreindarvísitölu innan tornæmismarkna. Fram komi verulegir veikleikar í vinnsluminni og mállegri færni, en skynúrvinnsla sé tiltölulega sterkari og mælist í neðra meðallagi. Mikill munur milli undirþátta geri heildartöluna síður lýsandi og mikilvægt sé að líta til einstakra þátta við túlkun niðurstaðna.

Slíkt vitsmunamynstur bendi til þess að ákærði geti átt erfitt með að skilja flókið orðalag, vinna úr munnlegum upplýsingum og halda utan um upplýsingar yfir tíma, einkum við aðstæður sem krefjast einbeitingar, hraðrar úrvinnslu eða flókinna ályktana. Á hinn bóginn virðist hann hafa betri forsendur til að takast á við verkefni sem eru sjónræn, verkleg eða byggja á beinni reynslu fremur en munnlegri úrvinnslu.

Ákæra dags. 9. apríl 2026

Eftir handtöku ákærða bentu starfsmenn Y á að hann kynni að hafa brotið gegn brotapolanum C. Hinn 15. ágúst 2025 mætti móðir brotapolans til lögreglu og lagði fram kæru á hendur ákærða fyrir að hafa brotið gegn blygðunarsemi brotapola með því að hafa framið kynferðislega háttsemi gagnvart öðru barni að henni sjáandi.

Móðir brotapola greindi frá því að fyrir sumarfrí leikskólans hefði brotapoli byrjað að klípa í kynfæri sín þegar verið var að skipta um bleyju á henni og sagt að ákærði gerði svona. Þá kom fram að ákærði hefði verið mikið með brotapola í leikskólanum.

Hinn 25. sama mánaðar var tekin skýrsla af föður brotapola. Hann kvað brotapola hafa allt í einu farið að fikta mikið í kynfærum sínum og stinga fingrum inn í leggöngin. Foreldrarnir hefðu beðið um að ákærði væri ekki svona mikið með brotapola í leikskólanum. Þá sagði hann hegðun brotapola hafa breyst verulega eftir að ákærði hætti störfum, hún væri nú glaðari og léki sér meira með öðrum börnum en áður.

Ekki var unnt að framkvæma könnunarviðtal við brotapola vegna ungs aldurs hennar, en hún er fædd [...] og var því einungis [...] þegar málið kom upp.

Eins og að framan er rakið gaf ákærði fimm sinnum skýrslu hjá lögreglu. Hann neitaði því allan tímann að hafa brotið gegn brotapolanum C. Í fyrstu skýrslutöku, 12. ágúst 2025, játaði hann brot gegn brotapolanum A og kvað C hafa verið inni á baðherberginu á meðan.

Í skýrslutöku fjórum dögum síðar var rætt sérstaklega um brotapolann C. Ákærði lýsti henni sem uppáhaldsbarni sínu og bestu vinkonu sinni. Hann neitaði alfarið kynferðisbroti gegn henni. Spurður hvort hann hefði einhvern tímann bitið hana í rassinn

svaraði hann: „Já, bara sem grín.“ Hann útskýrði að þegar hann væri að kitla hana segði hann: „Á ég að bíta, á ég að bíta?“ og hún svaraði: „Nei. Nei.“ Hann hefði þá stundum sett höfuðið að rassi hennar og „rétt bitið“ en kvað þetta hafa verið leik sem þau lékju stundum. Hann sagðist stundum purra á maganum á henni þegar hún lyfti bolnum í leik. Þau væru þá að „fiflast alveg á fullu“. Hann lýsti nánú sambandi við C sem hann kvað hafa myndast þar sem hún hefði litið upp til hans frá upphafi.

Í skýrslutöku 26. sama mánaðar var enn rætt um samband hans við brotaþolann C. Ákærði ítrekaði að þau væru „bestu vinir“, hún leitaði til hans og hann veitti henni mikla athygli. Hann neitaði áfram að hafa brotið á henni. Hann kvaðst stundum kitla hana á maganum þegar hann skipti um bleyju á henni en neitaði að hafa snert kynfæri hennar. Hann sagðist hafa kysst hana á höfuð og kinn þegar hún meiddi sig en ekki á magann. Hann hefði purrað á maganum í leik. Varðandi bit sagði hann: „Ekki, þú veist, ekki alveg bitið, bitið, bara svona.“ Hann taldi að langt væri síðan þetta hefði gerst. Hann hefði aldrei „bitið, bitið“ hana, heldur aðeins „rétt nagað“ og þá í höndina. Þegar honum var bent á framburð annarra um að hann hefði bitið hana í rassinn kvað hann það rétt, en aðeins utan klæða. Hann taldi slíkan leik ekki óvenjulegan og vísaði til þess að hann hefði séð marga foreldra leika sér svona við börn sín.

Í skýrslutöku 19. september 2025 neitaði ákærði enn broti gegn brotaþolanum C. Hann sagðist vita að það væri „ekki gott“ að kyssa eða bíta hana og baðst afsökunar á því en kvaðst ekki hafa vitað að slíkt væri óheimilt og hafi aðeins verið að leika sér.

Við skýrslutöku 13. október 2025 neitaði hann á ný að hafa brotið gegn brotaþolanum C.

Málið var fellt niður með bréfi héraðssaksóknara 12. nóvember 2025 þar sem talið var að fram komin gögn væru ekki nægileg eða líkleg til sakfellis. Sú ákvörðun var felld úr gildi með ákvörðun ríkissaksóknara 13. febrúar 2026.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði skoraðist undan því að gefa skýrslu fyrir dómi.

Vitnið B, móðir brotaþolans A, bar að hún hefði verið á leið heim með brotaþola frá leikskólanum 12. ágúst sl. þegar brotaþoli hefði sagt að „eitthvað skrítið“ hefði gerst í leikskólanum. Í kjölfarið hefði brotaþoli greint frá því að ákærði hefði sett „punginn á þjölluna“ hennar. Vitnið kvaðst hafa spurt brotaþola hvenær og hvar þetta hefði gerst og brotaþoli svarað að atvikið hefði átt sér stað á klósettinu sama dag. Brotaþoli hefði jafnframt sagt að C hefði verið inni á baðinu á meðan. Þá hefði brotaþoli nefnt að pungur ákærða væri [...].

Vitninu kvaðst hafa brugðið mjög við frásögnina, ekið heim og hringt í systur sína þar sem eiginmaður vitnisins hefði verið erlendis. Vitnið hefði síðan haft samband við lögreglu og innan við klukkustund síðar hefðu barnaverndarstarfsmenn komið á heimilið. Rætt hefði verið við brotþola inni í herbergi og vitnið verið viðstatt. Brotþoli hefði þá endurtekið sömu frásögn. Starfsmaður barnaverndar hefði spurt brotþola hvort slíkt hefði gerst áður og brotþoli svarað játandi. Vitnið kvaðst hafa upplifað það sem mikið áfall. Hún hefði farið með brotþola á Barnaspítalann í sýnatöku, en eitthvað hefði misfarist við sýnatökuna. Hún hefði síðan gefið skýrslu hjá lögreglu á spítalanum og skömmu síðar farið með brotþola í skýrslutöku í Barnahúsi.

Vitnið bar að brotþoli hefði einu sinni eða tvisvar nefnt atvikið á næstu tveimur vikum eftir þetta þegar hún var að fara að sofa. Þá hefði brotþoli tengt atvikið við ummæli um að drengur í leikskólanum hefði kastað sandi í andlit hennar og sagt að það væri alveg eins og þegar ákærði mátti ekki setja punginn á pjölluna hennar. Vitnið kvaðst hafa hrósað henni fyrir að segja frá. Vitnið lýsti því að brotþola gengi almennt vel, hún væri glöð og yndisleg, en hugsanlega meira pirruð og óþolinmóð en áður. Foreldrum virtist einhver breyting hafa orðið á henni sem erfitt væri að festa fingur á. Komið hefði í ljós að brotþoli væri lystarlaus og hefði lést án þess að líkamleg skýring fyndist og því væri óljóst hvað hrjáði hana.

Vitnið K, félagsráðgjafi hjá Barnavernd [...], kvaðst hafa verið á bakvakt 12. ágúst sl. þegar hún fékk símtal frá lögreglu þar sem óskað var eftir aðkomu barnaverndar vegna tilkynningar móður um kynferðisbrot gegn barni hennar. Vitnið kvaðst hafa farið á heimili brotþola og rætt við brotþola að móður hennar viðstaddri. Brotþoli hefði greint frá því að hún væri á Y. Aðspurð hvað hún hefði sagt móður sinni hefði brotþoli lýst því að hún hefði verið á klósettinu, buxnalaus, ásamt ákærða og annarri stúlku. Brotþoli hefði síðan sagt að ákærði hefði sett „punginn í pjölluna“ hennar og í framhaldinu sagt að hann hefði sett punginn „inn í“ pjölluna. Vitnið kvaðst hafa spurt brotþola hvort þetta hefði gerst áður og brotþoli svarað játandi, en síðan farið að leika sér og ekki svarað frekar. Vitnið kvaðst hafa fylgt brotþola og móður hennar á bráðamóttöku og beðið þar meðan lækni skoðun fór fram. Að því loknu hefði hún gert skýrslu um aðkomu sína og lokið afskiptum sínum af málinu.

Vitnið L, deildarstjóri á Y, kvað atvikið hafa gerst á öðrum degi ákærða eftir sumarfrí. Sá dagur hefði verið undirbúningsdagur hjá vitninu og hún farið úr húsi til vinnu um kl. 9:30. Hún hefði ekki vitað til annars en að dagurinn hefði gengið sinn vanagang þar til móðir brotþola hringdi í hana og greindi frá frásögn brotþola. Vitnið kvaðst hafa ráðlagt móðurinni að hafa þegar í stað samband við leikskólastjóran þar sem um mjög alvarlegt mál væri að ræða.

Vitnið kvaðst ekki muna eftir öðrum sambærilegum atvikum. Hún myndi þó eftir því að hún hefði einu sinni komið að brotaþola í hvíld þar sem hún lá fullklædd fyrir aftan hurð með útglenta fætur og var að koma við klofið á sér eftir að ákærði hafði setið við hlið hennar. Stundum hefði þurft að sitja hjá brotaþola þegar hún ætti erfitt með að sofna. Seinna sama dag hefði vitnið sent erindi til móður brotaþola til að kanna hvort hún væri mögulega með njálg, þar sem hún hefði heyrt að börn sem klóra sér í klofinu gætu verið með slíkt. Vitnið bar einnig að hún hefði einu sinni þurft að taka við brotaþola af ákærða í fataklefanum þegar brotaþoli vildi ekki vera með honum. Hún taldi að brotaþoli hefði verið grátandi. Hún hefði þó ekki séð neitt athugavert við þetta en brotaþoli hefði ekki sótt sérstaklega í ákærða.

Vitnið kvað hins vegar hafa verið meiri tengsl milli ákærða og brotaþolans C. Ákærði hefði verið í uppáhaldi hjá henni og hann virtist hrifinn af því að vera í kringum hana. Hann hefði oft verið með henni og nánast eins og hann væri í stuðningshlutverki gagnvart henni. C hefði leitað til hans og treyst honum. Eitt atvik hefði komið upp á milli þeirra. Þau hefðu verið í kitluleik og ákærði átt að hafa þurrað á henni eða bitið hana þannig að hún meiddi sig. Vitnið kvað slíkt ekki eiga að gerast og hún hefði rætt það við ákærða þegar hún frétti af því. Hann hefði strax gengist við háttseminni og sagt að þau hefðu verið í kitluleik. Vitnið kvað að eftir á að hyggja hefði átt að tækla málið betur.

Vitnið bar að hún hefði unnið með ákærða í eitt ár. Hún lýsti honum sem einstaklingi sem stundum hefði virst óþroskaður, líkt og ungur frændi sem þyrfti að þroskast í starfi. Hann hefði getað fíflast með börnunum í óþroskuðum leikjum, ekki verið faglærður og ekki haft reynslu sem faðir. Hann hefði verið mömmustrákur og virkað félagslega takmarkaður. Hún hefði þó ekki orðið vör við óviðeigandi hegðun af hans hálfu. Atvikið með C hefði verið mjög óvanalegt. Hún hefði ekki séð það sjálf en það hefði átt sér stað í rými þar sem annað starfsfólk og fleiri börn voru viðstödd.

Vitnið M, leiðbeinandi á Y, kvaðst hafa verið við vinnu 12. ágúst sl., en þar sem hún hefði verið í styttingu vinnudags hefði hún farið heim rétt fyrir hádegi. Hún kvaðst ekki hafa orðið vör við neitt óeðlilegt þennan dag. Vitnið bar þó að hún hefði áður orðið vör við „skrýtna hluti“ hjá ákærða en ekkert sem hún tengdi við refsivert athæfi. Hún lýsti einu atviki þar sem hún hefði séð brotaþolann C gráta. Hún hefði ekki séð hvað hefði gerst en spurt ákærða og hann hefði þá sagt henni að hann hefði bitið brotaþola í rassinn eins og það væri grín.

Vitnið N, leikskólakennari á Y, kvaðst hafa verið við störf þann 12. ágúst sl. en ekki orðið vör við neitt óeðlilegt þann dag. Vitnið kvaðst einhvern tímann hafa heyrt að ákærði hefði bitið brotaþolann C þannig að hún hefði farið að gráta en hún hefði ekki séð atvikið sjálf. Hún hefði fengið þessar upplýsingar frá samstarfskonu sinni sem hefði sagt að

ákærði hefði sjálfur greint frá því að hann hefði bitið brotþola í rassinn og gert það of fast. Vitnið bar að brotþoli hefði verið mjög hænd að ákærða og hann hefði verið uppáhaldsstarfsmaðurinn hennar. Ákærði hefði komið fram við brotþola eins og hún væri besta vinkona hans sem vitninu hefði þótt óeðlilegt í ljósi þess að hann væri fullorðinn. Það hefði þurft að benda honum á að hvetja brotþola til að leika við fleiri börn til að efla félagslega þátttöku hennar. Vitnið kvaðst hafa orðið vör við ýmsa „skrýtna hluti“ í hegðun ákærða, þó aldrei neitt sem hún teldi kynferðislegt. Hún nefndi sem dæmi að ákærði hefði tekið barn upp og haldið því á fótunum. Hún hefði ítrekað þurft að benda honum á að gera ekki ákveðna hluti og hann hefði ávallt beðist afsökunar.

Vitnið E barnalæknir staðfesti vottorð sitt vegna skoðunar á brotþolanum A.

Vitnið F sálfræðingur staðfesti matsgerð sína vegna ákærða. Spurður nánar hvað hann ætti við með því að ákærði þyrfti að skoða betur eigin hvatir kvað vitnið sterkar vísbendingar vera um að ákærði hefði meiri kynferðislegan áhuga á stúlkubörnum en hann viðurkenndi. Hann þyrfti að vinna markvisst með sjálfan sig til að fyrirbyggja frekari atvik. Ákærði hefði viðurkennt kynferðislegan áhuga á brotþola, en vitnið taldi ólíklegt að áhuginn næði eingöngu til hennar.

Vitnið bar að hann hefði metið greind og almennan þroska ákærða. Greindarpróf hefðu ekki sýnt þroskahömlun en ákærði væri á tornæmisstigi. Það tæki hann lengri tíma en aðra að átta sig á hlutum og málþroski hans væri ekki góður. Umhverfisþættir gætu spilað inn í, m.a. að [...]. Félagssproski ákærða væri einnig slakur og hann hefði verið einangraður.

Vitnið lýsti ákærða sem óþroskuðum og að hann skorti æfingu í samskiptum við jafnaldra, líkt og sálfræðingur í fangelsinu hefði einnig bent á. Hann þyrfti stuðning í daglegu lífi þótt hann gæti sinnt grunnverkefnum, svo sem eldamennsku, fjármálum og vinnu. Ef hann hefði haft betri þroska hefði honum gengið betur í námi. Hann hefði lítið sjálfstraust og ekki fullan skilning á flóknum aðstæðum sem gætu leitt til rangra ákvarðana. Almennt virtist ákærði þó taka góðar ákvarðanir og fylgja leiðbeiningum. Hann hefði t.d. hlustað á foreldra sína og ekki leiðst út í neyslu eða óreglu þrátt fyrir takmarkaðan skilning. Í flóknum aðstæðum gæti dómgreind hans hins vegar brugðist. Slíkar aðstæður gætu komið upp í starfi á leikskóla, t.d. við mat á því hvernig eigi að setja mörk og hvernig eigi að passa upp á öryggi barna.

Vitnið bar að hann hefði ekki farið ítarlega yfir atvik málsins með ákærða, en átt löng viðtöl við hann sem ákærði hefði þolað vel. Hann hefði haft gott úthald og virkað feginn að fá heimsókn. Hann hefði tilhneigingu til að geðjast fólki. Stundum skorti hann skilning og þá væri öruggara fyrir hann að fylgja leiðbeiningum annarra, t.d. foreldra. Vitnið taldi þó ekki að ákærði gengi of langt í að geðjast öðrum. Vitnið nefndi sem dæmi

að ákærði hefði sjálfur sagt að lögreglan hefði ekki trúað „orkudrykkjakjafstæðinu“ sem sýndi ákveðinn skilning. Hann gæti skipt um skoðun ef reynt væri að sannfæra hann, en aðeins að vissu marki. Hann virtist ekki geta sett almenn mörk með auðveldum hætti, en gæti þó bjargað sér. Hann væri líklegri til að skipta um skoðun um einfaldari málefni.

Vitnið kvaðst hafa farið vel yfir skýrslutökur ákærða hjá lögreglu. Ljóst væri að málproski hans væri ekki góður og hann gæti hafa misskilið sumar spurningar, einkum þær sem væru flóknar. Hann ætti þó að geta svarað spurningum um sakarefnið og skilið inntak þeirra að mestu. Hann ætti ekki í vandræðum með mjög afmarkaðar já- eða nei-spurningar. Vitnið kvaðst telja að ákærði hefði getu til að leysa erfiðar aðstæður með því að segja ósatt, en það þýddi ekki að hann hefði gert það. Hann ætti ekki sögu um andfélagslega hegðun.

Vitnið G geðlæknir staðfesti matsgerð sína vegna ákærða. Hann kvaðst telja að ákærði væri haldinn barnagirnd, en það ætti við um einstaklinga sem hneigjast eða örvast kynferðislega af börnum. Vitnið taldi ákærða sakhæfan, en kvaðst ekki fullviss um að refsing myndi bera árangur þótt hún kynni að geta gert það. Ákærði væri í einhverri virkni í fangelsinu, en hann væri töluvert einangraður og andlegt atgervi hans ekki gott.

Vitnið bar að ákærði hefði alla tíð virst félagslega einangraður og afskiptur. Hann hefði ekki tekið þátt í félagslífi og ekki verið hluti af samfélaginu á vinnustöðum. Hann hefði lokið grunnskóla og flust á milli bekkja, hugsanlega að hluta til vegna velvilja kennara. Fjölskylda ákærða virtist styðjandi þótt vitnið hefði ekki rætt við hana. Ákærði hefði greint frá því að hann keppti í tölvuleikjum og hann hefði getað sinnt daglegri rútínu á vinnustað.

Vitnið kvað ákærða gera sér grein fyrir að hafa gert rangt, búast við fangelsisvist og skilja tilgang refsingar að einhverju marki. Komið hefði fram að nokkrum mánuðum fyrir atvikið hefðu foreldrar á leikskólanum kvartað og ákærði verið undir sérstöku eftirliti vegna þess en ákærði kannaðist ekki við það. Vitnið taldi að ákærði áttaði sig líklega á því sem hann hefði játað. Hann lýsti atburðinum og því að hann hefði ekki ráðið við sig. Hann skilji að hann hefði ekki átt að gera þetta. Ákærði hefði jafnframt sagt að hann hefði játað síðara brotið í fyrri ákærinni til að komast út úr yfirheyrslu, hugsanlega vegna höfuðverkjar, og viljað losna úr þeim aðstæðum. Þetta hefði ekki verið rætt frekar og hefði ekki áhrif á mat á því hvort 16. gr. almennra hegningarlaga ætti við.

Vitnið kvaðst ekki viss hvort ákærði hefði tilhneigingu til að játa á sig hluti, en hann hefði ekki mikla andlega getu til að verjast hörðum spurningum og gæti viljað losna við spurningar sem honum liði illa með.

Vitnið taldi að ákærði þyrfti á aðstoð að halda til að takast á við vanda sinn, en hann hefði ekki sjálfur sóst eftir slíkri hjálp. Helsti vandi hans væri barnagirnd og skortur

á félagsfærni. Óvíst væri hvort hann hefði innsæi til að átta sig á nauðsyn þess að vinna með eigin vanda, en erfitt væri að ráða við slíkar hvatir.

Vitnið kvað ekkert hafa komið fram sem benti til þess að ákærði hefði leitað sér starfa eða aðstæðna til að fullnægja þessum hvötum. Einnig hefði ekkert í gögnum bent til þess að hann sæktist eftir slíku. Vitnið kvaðst hafa á tilfinningunni að málið væri einstakt og hann hefði ekki skynjað að frekari atvik hefðu átt sér stað.

Vitnið I geðlæknir staðfesti matsgerð sína og H geðlæknis. Hún kvað niðurstöðu þeirra vera að hvorki 15. né 16. gr. almennra hegningarlaga ættu við um ákærða. Tvö sálfræðimöt hafi verið framkvæmd á ákærða og þau verið samhljóða um að heildargreind hans væri á bilinu 74–75 stig. Til þess að teljast með þroskaskerðingu þyrfti greindarvísitala að vera undir 70 stigum, en meðaltal almennings væri á bilinu 80–115 stig. Ákærði félli þar á milli og teldist því vera með tornæmi. Þar sem hann væri ekki þroskaskertur væri ekki um að ræða þá stöðu að refsing gæti ekki borið árangur. Vitnið kvaðst ekki treysta sér til að staðsetja þroska hans í aldri með nákvæmum hætti.

Vitnið bar að ákærði hefði verið spurður að mestu leyti opinna spurninga í matsviðtölum en mikilvægt væri að forðast leiðandi spurningar vegna takmarkaðrar greindar hans. Ákærði hefði sjálfur lýst því að hann hefði verið að skipta á barninu þegar atvikið átti sér stað. Hann hefði nýlega komið úr sumarfrí og drukkið orkudrykk. Hann hefði upplifað atvikið sem hvatvísi, örvast við að sjá barnið og hætt strax. Barnið hefði hvorki grátið né kvartað. Ákærði hefði sagst hafa ætlað að láta vita af atvikinu en ekki gert það og verið að hugsa um að leita til [...].

Ekki hefði verið rætt almennt um hvatastjórn, heldur einungis í tengslum við kynferðislega hegðun. Ákærði hefði lélega hvatastjórn á grunni lágrar greindar. Hann hefði þó haft nægilegt innsæi til að átta sig á að háttsemi hans væri röng og að gjörðir hans hefðu afleiðingar. Hann hefði misstyrk og þyrfti stuðning við ákveðna þætti, en hann hefði nægjanlega dómgreind til að geta starfað og sinnt athöfnum daglegs lífs.

Vitnið H geðlæknir staðfesti matsgerð þeirra I geðlæknis og svaraði spurningum vegna hennar. Hann bar að ákærði væri með greind á tornæmisstigi en hann ætti ekki gott með að staðsetja það á ákveðnum aldri. Niðurstöður beggja sálfræðinga sem hefðu komið að málinu væru áþekkar. Yfirmatsmenn hefðu fengið J sálfræðing til að framkvæma sjálfstætt mat á ákærða án þess að kynna sér fyrri niðurstöður eða gögn málsins.

Vitnið kvað ekki þurfa að ræða lengi við ákærða til að átta sig á að hann væri ekki sterkgreindur, hann kæmi fyrir sjónir sem einfaldur. Hann væri á tornæmisstigi með greind á bilinu 70–85 stig en flestir skori hærra. Undir 70 stigum væri talað um þroskaskerðingu.

Vitnið kvaðst telja að refsing geti borið árangur í tilviki ákærða þar sem hann sé ekki þroskaskertur og hafi gert sér grein fyrir að hafa brotið af sér. Hann hefði ekki verið hissa þegar lögregla sótti hann. Þá væri hann ekki haldinn neinni geðröskun. Ekki hefði verið tekin formleg afstaða til þess hvort ákærði væri haldinn barnagirnd. Hann hefði ítrekað neitað slíku þótt gögn málsins bæru með sér einhvers konar kynferðislega hneigð gagnvart brotþola. Aðspurður kvað vitnið dómgreind ekki metna með matskvörðum. Í fyrsta viðtali hefði verið tekin ítarleg saga og ekkert komið fram sem benti til þess að ákærði hefði áður misstigið sig. Hann hefði farið í gegnum hefðbundið skólakerfi og starfað á tveimur vinnustöðum.

Vitnið bar að yfirmatismenn hefðu vitað af þeirri háttsemi sem ákært væri fyrir í síðari ákæru, þótt sú ákæra hefði ekki verið gefin út á þeim tíma. Ákærði hefði litið á þá háttsemi sem leik og virtist ekki átta sig á að hún væri óeðlileg. Fyrri atvikið væri mun alvarlegra og hefði fyrst og fremst verið til skoðunar.

Vitnið kvað mjög fljótt hægt að sjá að ákærði væri undirmáls. Reyndir aðilar ættu fljótt að átta sig á stöðu hans. Ekkert í sögu hans benti til þess að hann hefði verið misnotaður vegna einfaldleika síns en hann væri þó líklegri til að vera leiðitumur en einstaklingur með eðlilega greind. Vitnið taldi hann ekki líklegri en aðra til að játa á sig hluti þar sem hann áttaði sig á því að það væri honum ekki í hag. Hann hefði einnig virst hafa eðlilegt úthald í viðtölum.

Vitnið J sálfræðingur staðfesti aðkomu sína að yfirmati með framkvæmd sálfræðilegra prófana. Hann kvaðst einungis hafa framkvæmt greindarmat og ekki myndað sér skoðun á ákærða að öðru leyti. Hann hefði ekki fengið upplýsingar um námsárangur ákærða nema þær sem ákærði sjálfur hefði veitt en niðurstöður matsins hefðu samræmst þeim lýsingum. Með þeim veikleikum sem fram hefðu komið í prófunum þyrfti einstaklingur sértækan stuðning í skóla og ákærði hefði lýst því að hann hefði fengið slíkan stuðning. Í niðurstöðum hefðu komið fram ákveðnir veikleikar í vinnsluþáttum, vinnsluminni og vinnsluhraða, auk þess sem málleg greind hans væri ekki sterk. Hann væri á mörkum tornæmis og lágrar meðalgreindar.

Skynúrvinnsla, þ.e. geta hans til að vinna úr upplýsingum, væri í meðallagi. Vinnsluþættirnir drægju hann hins vegar niður og minntu á mynstur sem sjáist hjá einstaklingum með ADHD. Aðspurður kvaðst vitnið ekki geta aldurstengt niðurstöðurnar en benda mætti á að sjónræn úrvinnsla væri í meðallagi, málleg geta veikari þannig að 92% einstaklinga væru sterkari og vinnsluþættirnir slakir, líkt og oft sjáist hjá einstaklingum með ADHD.

Vitnið kvaðst telja að ákærði gæti skilið tilgang fangelsisrefsingar. Vandí hans birtist m.a. í því að hann skildi stundum ekki það sem sagt væri við hann í samtali. Ekki væri lagt sérstakt mat á dómgreind í þessu mati, heldur rökhugsun gagnvart verkefnum,

og því væri ekki hægt að draga ályktanir um dómgreind hans í flóknum félagslegum aðstæðum án frekari athugana.

Lögreglumaður nr. O kvað upphaf málsins vera það að barnavernd hefði haft samband við lögreglu og óskað eftir aðkomu vegna gruns um kynferðisbrot gegn barni. Strax hefði verið ræst út teymi. Vitnið hefði farið á Barnaspítalann og tekið skýrslu af móður brotþola.

Ákærði hefði verið handtekinn og samþykkt húslleit. Einnig hefði verið farið í leikskólann og vettvangur skoðaður. Vitnið hefði síðan tekið skýrslur af ákærða. Í upphafi hefði hann greint frá ýmsum staðreyndum en frásögn hans hefði smám saman tekið breytingum. Hann hefði verið beðinn um að leika atvikin til nánari skýringar.

Ákærði hefði í fyrstu ekki játað fleiri brot en í fyrsta ákærulið, en tveimur mánuðum síðar, 13. október, hefði hann játað annað atvik. Sú skýrslutaka hefði verið sú síðasta í máli brotþolans A. Vitnið kvaðst hafa sagt við ákærða að brotþoli ætti rétt á að vita hvað hefði gerst. Fram að því hefði hann staðfastlega neitað að nokkuð fleira hefði átt sér stað. Vitnið kvaðst ekki telja að nokkuð óeðlilegt hefði verið við skýrslutökurnar og ákærði hefði ekki verið beittur þrýstingi. Þau hefðu bent honum á að frásagnir hans stæðust ekki og vitnið hefði tekið játningu hans sem einlæga.

Varðandi brotþolann C hefði ákærði strax gengist við sakarefninu. Þegar rætt hefði verið við starfsfólk leikskólans hefði það bent lögreglu á að ákærði hefði átt óeðlileg samskipti við hana og bitið hana. Ákærði hefði sagt slíkt vera sambærilegt því sem foreldrar gerðu við börn sín í leik.

Aðspurð kvaðst hún ekki hafa orðið vör við að ákærði væri með skerta eða takmarkaða greind. Hún hefði fremur upplifað einlægni af hans hálfu. Skortur á málskilningi hefði fremur minnt á það sem hún sæi hjá ungu fólki á svipuðum aldri og hún hefði ekki fundið að hann skæri sig úr þeim hópi. Hann hefði oft þurft að grípa til enskra orða líkt og margir á hans aldri gerðu.

Niðurstaða

Ákæruliður 1 í ákæru dags. 3. nóvember 2025

Í ákæru frá 3. nóvember 2025 er ákærða gefin að sök nauðgun og kynferðisbrot gegn [...] ára barni á leikskóla þar sem hann starfaði. Er honum gefið að sök að hafa í tvö aðgreind skipti haft önnur kynferðismök en samræði við brotþolann A. Í fyrri lið ákærunnar er honum gefið að sök að hafa, 12. ágúst 2025, dregið niður buxur brotþolans inni á salernisbás, tekið hana upp þannig að hún sneri baki í hann, sett getnaðarlim sinn á milli læra hennar og viðhaft samfarahreyfingar.

Ákærði gaf ekki skýrslu fyrir dómi. Við þingfestingu málsins játaði hann sök í þessum ákærulið að undanskilinni þeirri fullyrðingu að hann hefði viðhaft samfarahreyf-

ingar. Í greinargerð verjanda, sem lögð var fram í málinu, kemur fram að ákærði játi sök samkvæmt ákæruliðnum og við aðalmeðferð málsins vísaði verjandi til þess að misskilningur um orðfæri hafi legið að baki afstöðu hans við þingfestingu.

Í skýrslum sínum hjá lögreglu lýsti ákærði því ítrekað að hafa „hömpað“ brotaþola og að háttsemin hefði staðið yfir í um þrjár sekúndur. Hann stóð jafnframt upp og sýndi með látbragði hvernig hann hefði athafnað sig. Í skýrslutöku 16. ágúst 2025 var borinn undir hann framburður um að hann hefði „hömpað“ brotaþola eða „haft svona við hana samfarahreyfingar“ og játaði hann það rétt. Ítrekað var jafnframt borið undir hann að hann hefði sjálfur lýst samfarahreyfingum án þess að hann gerði athugasemdir við það.

Í samræmi við framangreint verður lagt til grundvallar að ákærði hafi viðurkennt þá háttsemi sem lýst er í ákærinni. Játning ákærða er í samræmi við framburð brotaþola í Barnahúsi og verður hann sakfelldur fyrir hana.

Ákærði mótmælir því að háttsemin verði heimfærð til 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga og telur að þess í stað skuli heimfæra hana til 2. mgr. 202. gr. laganna sem kynferðislega áreitni. Byggir hann á því að hann hafi einungis sett getnaðarlim sinn á milli læra brotaþola í örstutta stund og að snertingin hafi ekki verið mjög áköf. Þá hafi getnaðarlimur hans ekki snert kynfæri brotaþola.

Í 1. mgr. 194. almennra hegningarlaga segir að hver sem hafi samræði eða önnur kynferðismök við mann án hans samþykkis gerist sekur um nauðgun og skuli sæta fangelsi ekki skemur en eitt ár og allt að 16 árum. Samþykki teljist liggja fyrir ef það er tjáð af frjálsum vilja en það teljist ekki liggja fyrir ef beitt er ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögumatri nauðung. Til ofbeldis teljist svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti. Í 1. mgr. 202. gr. laganna segir að hver sem hafi samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 15 ára skuli sæta fangelsi ekki skemur en eitt ár og allt að 16 árum.

Kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga var breytt með lögum nr. 40/1992. Var þá m.a. mælt fyrir um að „önnur kynferðismök“ yrðu lögð að jöfnu við samræði. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 40/1992 sagði að hugtakið önnur kynferðismök bæri að skýra fremur þröngt þannig að átt væri við kynferðislega misnotkun á líkama annarrar manneskju er kæmi í stað hefðbundins samræðis eða hefði gildi sem slíkt. Um væri að ræða athafnir sem veittu geranda kynferðislega fullnægingu eða væru almennt til þess fallnar. Þá er kynferðislegri áreitni lýst þannig að það sé háttsemi sem telst ekki slík misnotkun á líkama að hún komi í stað hefðbundins samræðis eða hafi gildi sem slíkt, þ.e. „önnur kynferðismök“. Átt sé við ýmiss konar káf, þukl og annars konar líkamlega snertingu og ljósmyndun af kynferðislegum toga. Fram kemur að ekki sé ætlunin að takmarka eðlilega umhirðu og gælur foreldra og annarra ættingja við börn sín og barnabörn.

Með lögum nr. 61/2007 voru gerðar breytingar á kynferðisbrotakafli laganna og var þá lögfest ákvæði um kynferðislega áreitni í núverandi mynd. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 61/2007 er kynferðisleg áreitni skilgreind sem háttsemi kynferðislegs eðlis sem hvorki telst samræði né önnur kynferðismök. Hún felist í hvers konar snertingu á líkama annarrar manneskju sem sé andstæð góðum siðum og samskipta-háttum. Þá kemur fram að greina þurfi efri mörk kynferðislegrar áreitni gagnvart öðrum kynferðismökum. Það sé kynferðisleg áreitni að strjúka, þukla eða káfa á kynfærum eða brjóstum þolanda innan klæða sem utan. Slíkt þukl eða káf geti þó verið á því stigi, ákaft eða langvarandi, að um önnur kynferðismök sé að ræða. Sé fingri stungið inn í leggöng sé háttsemin komin á annað stig, þ.e. orðin önnur kynferðismök. Sé þuklað eða káfað innan klæða sé ekki nauðsynlegt að kynfæri séu snert til að háttsemi teljist kynferðisleg áreitni. Þukl og káf annars staðar en á kynfærum og brjóstum gæti verið kynferðisleg áreitni.

Í almennum athugasemdum í frumvarpinu er fjallað um hugtökin „samræði“, „önnur kynferðismök“ og „önnur kynferðisleg áreitni“. Er þar gerð grein fyrir breytingum sem gerðar voru með lögum nr. 40/1992 en með þeim lögum var gerð breyting á skilgreiningu á fullfrömdu samræði þannig að það teldist fullframið samræði að getnaðarlimur karlmanns væri kominn inn í fæðingarveg konu að nokkru leyti eða öllu. Sáðlát þurfi ekki að hafa átt sér stað og meyjarhaft þurfi ekki að rofna. Um önnur kynferðismök segir síðan að af greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 40/1992 sem vísi til þágildandi norsks ákvæðis, dómaframkvæmd og skýringum fræðimanna, þar á meðal danskra og norskra, á samsvarandi hugtökum í dönskum og norskum rétti, megi draga þá ályktun að undir hugtakið „önnur kynferðismök“ í íslenskum rétti falli munnmök og endaparmsmök. Sama gildi um þá háttsemi að setja hluti eða fingur í leggöng eða endaparm og sleikja og sjúga kynfæri. Í samræmi við skilgreiningar fræðimanna, einkum norskra, væri einnig eðlilegt að undir önnur kynferðismök félli sú háttsemi geranda að láta þolanda fróa sér og samræðishreyfingar milli læra þolanda, á bakhluta hans eða maga. Varðandi „aðra kynferðislega áreitni“ segir síðan að þar undir falli ýmiss konar káf, þukl og annars konar líkamleg snerting, auk ljósmyndunar af kynferðislegum toga. Undir aðra kynferðislega áreitni myndi falla káf á kynfærum og brjóstum, sem varir stutta stund. Almennt sé við það miðað að snerting sem falli undir kynferðislega áreitni veiti geranda ekki kynferðislega fullnægingu. Sé háttsemin komin á það stig, t.d. áður nefnt káf, falli hún undir önnur kynferðismök.

Samkvæmt framangreindu fellur háttsemi undir önnur kynferðismök ef hún kemur í stað hefðbundins samræðis eða hefur gildi sem slík. Snerting sem veitir geranda ekki kynferðislega fullnægingu fellur undir kynferðislega áreitni.

Sú háttsemi ákærða að setja getnaðarlim sinn á milli læra brotaþola og viðhafa samfarahreyfingar er ótvírætt til þess fallin að veita geranda kynferðislega fullnægingu og

getur komið í stað hefðbundins samræðis eða haft gildi sem slíkt. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 61/2007 er sérstaklega tekið fram að slík háttsemi falli undir hugtakið „önnur kynferðismök“. Það hefur ekki þýðingu þótt háttsemin hafi varað stutta stund eða að getnaðarlimur ákærða hafi ekki snert kynfæri brotþola.

Er það því niðurstaða dómsins að háttsemi ákærða samkvæmt fyrri ákærulið ákæru frá 3. nóvember 2025 sé réttilega heimfærð til 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæruliður 2 í ákæru dags. 3. nóvember 2025

Í síðari lið fyrri ákæru málsins er ákærða jafnframt gefin að sök nauðgun og kynferðisbrot gegn brotþolanum A með því að hafa haft önnur kynferðismök en samræði við hana og hafa jafnframt notfært sér að þannig var ástatt um hana að hún gat ekki spornað við verknaðnum sökum svefndruna en hann hafi á tímabilinu september 2024 til maí 2025, í hvíldarherbergi þar sem hún lá sofandi, kropið fyrir aftan hana, dregið buxur hennar niður, sett getnaðarlim sinn á milli læra hennar og viðhaft samfara-hreyfingar.

Ákærði neitaði sök við þingfestingu málsins. Sýknukrafa hans byggist á því að háttsemi hans gagnvart brotþola hafi verið einvörðungu sú sem lýst er í ákærulið 1. Enginn grundvöllur sé fyrir sakfellingu samkvæmt þessum lið. Hann byggir á því að framburður hans í skýrslu 13. október 2025 sé haldinn verulegum annmörkum og játning fengin fram með óeðlilegum hætti, andstætt lögum um meðferð sakamála. Ákærði hafi ítrekað neitað því, bæði fyrir og eftir þessa skýrslugjöf, að hafa brotið oftari en einu sinni gegn brotþola eða gegn nokkru öðru barni.

Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Þá segir í 108. gr. sömu laga að sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag hvíli á ákæruvaldinu. Við sönnunarmat þarf að gæta þeirrar meginreglu sem kemur fram í 1. mgr. 109. gr. laganna en samkvæmt henni metur dómur hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafa, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Við þetta mat geta skýrslur vitna, sem ekki hafa skynjað atvik af eigin raun, haft þýðingu að því marki að unnt sé að draga ályktanir um sakarefnið af framburði þeirra.

Þegar fulltrúi barnaverndar ræddi við brotþola 12. ágúst 2025 greindi brotþoli frá því að slíkt atvik hefði áður gerst og sagði það hafa verið fyrir löngu síðan en greindi ekki nánar frá því. Í Barnahúsi 15. ágúst 2025 sagði hún í fyrstu að atvikið hefði gerst einu sinni en játaði síðar að það hefði einnig gerst á fyrri leikskóladeild. Frásögn hennar var þó mjög óljós. Með hliðsjón af aldri hennar, nýorðinnar [...] ára, verður ekki gerð

krafa um að hún geti veitt nákvæmari lýsingu. Ljóst er að brotapolí er skýr og þroskuð eftir aldri og framburður hennar um atvikið í ákærulið 1 samræmist framburði ákærða. Verður hún því talin trúverðug að því marki sem framburður hennar nær.

Ákærði gaf fimm skýrslur hjá lögreglu á tímabilinu 12. ágúst til 13. október 2025. Hann játaði atvikið í ákærulið 1 í fyrstu skýrslutöku. Í öllum síðari skýrslum neitaði hann því að nokkuð annað hefði gerst, þar til í síðustu skýrslutökunni, 13. október 2025, þegar hann játaði annað atvik gegn sama brotþola.

Skýrslutakan 13. október var löng og tveir lögreglumenn stýrðu henni. Í upphafi neitar ákærði að bæta nokkru við fyrri framburð. Síðan er borin undir hann frásögn um atvikið 12. ágúst og hann beðinn um að staðfesta hana, sem hann gerir. Þá er hann beðinn um að útskýra ítarlega ýmis atriði í sambandi við það sem hann á í nokkrum erfiðleikum með. Hann er spurður hvort svona hafi gerst áður og þegar hann neitar segir lögreglumaður að honum finnist mjög skrýtið að þetta sé í fyrsta skipti sem svona gerist. Ákærði er síðan áfram spurður hvort eitthvað hafi gerst áður sem hann neitar enn. Þá er honum kynnt að fyrir liggi framburður samstarfsmanns af atviki þar sem hann hafi verið með börnum í hvíld. Ákærði svarar þá enn að hann hafi ekki gert neitt nema sitja við hlið brotþola meðan hún sofni. Þá er honum sagt að starfsmaðurinn hafi talað um að þegar hún hafi komið inn hafi brotapolí legið á bakinu með útglennta fætur og verið að fikta í kynfærum sínum skömmu eftir að hann hefði setið við hlið hennar. Ákærði kveðst ekkert vita af hverju það hafi gerst. Hann hafi stundum setið við hlið hennar þegar hún væri að sofna.

Ákærða er þá sagt: „Þú verður að átta þig á því, við erum ekki alveg að trúá þér vegna þess að þú ert ekki alveg heiðarlegur við okkur áðan. Það eru einhverjar svona upplýsingar um það að það sé eitthvað meira sem gerðist og við viljum fá að vita hvað það er.“ Ákærði segist þá enn ekki vita af hverju þetta hafi gerst og segist yfirleitt vera í símanum eða eitthvað slíkt meðan hann sitji hjá börnunum í hvíld. Svar lögreglumanns er þá: „Já, en ekki þarna, þarna var greinilega eitthvað í gangi.“ Þá er farið yfir að þurft hafi að reka ofan í hann eitthvað sem sé ósatt. Í framhaldinu fara fram eftirfarandi orðaskipti:

Lögreglumaður 1: Þess vegna er ég að spyrja þig hvað varstu búinn að gera við [brotþola] þarna inni?

Ákærði: Ekki neitt, ég bara lét hana sofna eins og hún er alltaf von að gera. Þetta var eina skiptið í klósettinu sem ég braut á henni.

Lögreglumaður 2: Við erum, þú verður að átta þig á því, við erum ekki alveg að kaupa þessa sögu.

Ákærði: Já, ókei.

Lögreglumaður 2: Þú veist þetta passar ekki allt saman.

Ákærði: Já.

Lögreglumaður 2: Miðað við allt það sem við erum búin að sjá og skoða varðandi þú veist heildarfjöldann eins og á börnunum að þá er eitthvað sem er í gangi, þú veist það er bara, okkur langar til þess að vita hvað það er og af hverju það er.

Ákærði: Ég hef kannski þá ef ég segi, já, ég já ég held að ég braut á hana líka.

Þegar ákærði er beðinn um að segja frá því segist hann hafa brotið einu sinni á brotþola þegar hún var sofandi en hann hefði ekki sett liminn í kynfærin. Beðinn um að segja nánar frá segir ákærði að hann hafi verið inni í herbergi að svæfa brotþola og þegar hún hafi verið sofnuð hafi hann misst stjórn á sér „í þetta skipti líka“ og tekið buxur hennar og svo sínar, sett á milli fótanna og byrjað hreyfingar. Hann hafi gert sömu vitleysuna við hana og á klósettinu. Ákærði er beðinn um að lýsa því nánar hvernig hann hafi gert þetta með brotþola liggjandi á gólfinu sem hann svarar: „Ég man ekki hvernig hún er, var að liggja á gólfinu á þessum tíma.“ Hann er þá spurður hvort hann hafi lagst ofan á hana eða hvernig hann hafi farið að þessu og er svar hans: „Ég held að hún lagðist sem sagt til hliðar svona.“ Hann lýsir því síðan að hann hafi setið á hnjánnum aftan við rassinn á henni. Spurður hvort hann hafi viðhaft samfarahreyfingar eða „hömp“ játaði ákærði því en sagðist einungis hafa gert það nokkrum sinnum og ekki klárað. Spurður af hverju hann hefði hætt sagðist hann hafa fattað þetta eins og á klósettinu. Aðspurður kvað hann brotþola ekki hafa vaknað eða hreyft sig neitt. Hann kvaðst ekki muna hvenær þetta var, fleiri börn hefðu verið þarna inni en hann myndi ekki hver. Í framhaldi af þessu var ákærði þrúspurður um fleiri börn og neitaði hann því alfarið að nokkuð annað hefði gerst þrátt fyrir að lögreglumenn kynntu honum ítrekað að þeim þætti framburður hans ótrúverðugur.

Lögreglumaðurinn sem stýrði skýrslutökum af ákærða bar fyrir dómi að hún teldi ekkert óeðlilegt hafa verið við yfirheyrslurnar og að ákærði hefði ekki verið beittur þrústingi. Þá kvaðst hún ekki hafa orðið vör við að ákærði væri með skerta greind, heldur talið að skortur hans á málskilningi stafaði fremur af ungum aldri.

Þessi lýsing er hins vegar í ósamræmi við niðurstöður sérfræðinga. Í matsgerð F sálfræðings kemur fram að ákærði búi yfir slökum vitsmunabroska, einkum hvað varðar orðaforða og orðaskilning og hafi það áhrif á skilning hans, færni í daglegu lífi og getu til tjáningar. Þegar rætt sé við hann sé nauðsynlegt að taka mið af þroskastigi hans og hafa í huga að hann skilji ekki öll orð. Þá geti hann átt í erfiðleikum með að skilja langar eða flóknar setningar. Vísbendingar séu jafnframt um að hann sé leiðitumur og eigi erfitt með að setja viðeigandi mörk. Matsmaðurinn bar fyrir dómi að ákærði hefði tilhneigingu til að geðjast fólki, þó ekki þannig að hann gengi of langt í því, og að hann gæti skipt um skoðun ef reynt væri að sannfæra hann, þó aðeins að vissu marki.

Í skýrslu J sálfræðings kemur einnig fram að ákærði eigi erfitt með að skilja flókið orðalag, vinna úr munnlegum upplýsingum og halda utan um upplýsingar yfir tíma, einkum við aðstæður sem krefjast einbeitingar, hraðrar úrvinnslu eða flókinna ályktana.

Í undirmatsgerð G geðlæknis kemur fram að ákærði hafi sjálfur greint frá því að hann hefði játað til að „losna“, m.a. vegna höfuðverkjjar. Hann hefði sagt að spyrjandi hefði gengið hart að honum að játa, en að hann hefði í raun ekkert gert á þeim tíma og hugsanlega játað vegna þess að hann vildi komast út úr aðstæðum. Fyrir dómi kvaðst matsmaðurinn aðspurður ekki vita hvort ákærði hefði tilhneigingu til að játa á sig háttsemi sem hann hefði ekki framið, en ljóst væri að ákærði hefði takmarkaða andlega getu til að verjast hörðum spurningum og hefði viljað losna við spurningar sem honum leið illa með.

Fyrir dómi kom fram hjá yfirmatsmönnum að vegna takmarkana á greind ákærða hefði þurft að gæta þess að spyrja hann ekki leiðandi spurninga. Þá kom fram að mjög fljótt sjáist að ákærði sé undirmáls en hann komi fyrir sjónir sem einfaldur. Reyndir aðilar ættu að átta sig á þessu án tafar. Þá væri ákærði líklegri en aðrir til að vera leiðitampur vegna greindarskorts.

Dómurinn, skipaður sérfróðum meðdómanda, hefur farið yfir allar skýrslur og horft á myndbandsupptöku skýrslutökunnar 13. október 2025. Það er mat dómsins að greinilegt sé að ákærði hafi skerta greind og að það hljóti að hafa verið augljóst lögreglu. Í yfirheyrslum skilur hann ítrekað ekki tiltekin orð eða spurningar og svarar á einfaldan og barnalegan hátt. Ljóst er að slíkt verður ekki skýrt með aldri einum saman. Þá koma fram ýmsar upplýsingar sem benda til greindarskerðingar, svo sem að ákærði líti á barn sem nýlega hefur náð [...] ára aldri sem sinn besta vin og umgangist enga jafnaldra. Þegar skýrslutakan fór fram stóð yfir rannsókn á þroska og heilbrigðisástandi ákærða að beiðni lögreglu. Með hliðsjón af öllu framangreindu er vandséð hvernig það gat farið fram hjá lögreglumönnum að ákærði væri tornæmur og að taka þyrfti sérstakt tillit til þess við yfirheyrslur.

Við skýrslutökuna er afar hart gengið að ákærða, framburður hans kerfisbundið dreginn í efa og hann ítrekað sakaður um ósannindi. Þegar játningin kemur hefur verið dregin upp ákveðin mynd sem ákærði virðist samþykkja undir þrýstingi lögreglu. Undir síendurteknum ásökunum um óheiðarleika og þrýstingi um að „segja réttu söguna“ kvaðst hann loks „halda“ að hann hefði brotið á brotapolu áður. Í kjölfarið lýsti hann atviki, efnislega samhljóða því sem lýst er í ákærulið 1, sem hann gat hvorki tímasett né greint frá hvaða börn hefðu verið viðstödd. Þá virðist lýsing hans á líkamsstöðu ótrúverðug, þar sem brotapolu á að hafa legið sofandi á hlið án þess að hreyfa sig á meðan ákærði sat á hnjánnum fyrir aftan hana og setti getnaðarlim sinn á milli læra hennar.

Ákærði neitaði því að slíkt atvik hefði átt sér stað í viðtölum hjá bæði undirmatsmanni og yfirmatsmönnum.

Brotapolu gaf óljósa frásögn um að eitthvað hefði gerst áður og hún er ekki nægilega skýr til að leggja til grundvallar. Framburður starfsmanns leikskólans sannar ekki að slíkt atvik hafi átt sér stað. Að öllu framangreindu virtu telur dómurinn að ekki verði byggt á

játningu ákærða í skýrslutöku 13. október 2025. Önnur gögn málsins styðja ekki að atvik-ið í ákærulið 2 hafi átt sér stað. Ákærvaldið hefur því ekki axlað sönnunarbyrði sína og verður ákærði sýknaður af ákærulið 2 í ákæru frá 3. nóvember 2025.

Ákæra dags. 9. apríl 2026

Með ákæru 9. apríl 2026 er ákærða gefin að sök kynferðisleg áreitni gegn barni en til vara brot gegn barnaverndarlögum með því að hafa á árinu 2025 á leikskólanum í nokkur skipti bitið í rassinn á brotaþola C og er hann talinn hafa sýnt af sér ruddalegt og ósiðlegt athæfi með háttseminni.

Ákærði neitar sök. Hann hefur viðurkennt að hafa viðhaft þá háttsemi sem lýst er í ákvæðinu en telur hana ekki fela í sér refsivert brot.

Við rannsókn lögreglu var bent á af starfsmönnum leikskólans að ákærði hefði bitið brotaþola í rassinn. Brotaþoli var þá [...] of ung til að unnt væri að taka af henni framburð.

Ákærði neitaði í öllum skýrslum hjá lögreglu að hafa brotið gegn brotaþolanum C. Hann lýsti henni sem sinni bestu vinkonu og greindi frá nánú sambandi þeirra. Í tveimur skýrslutökum var sérstaklega rætt um umrædda háttsemi. Í skýrslutöku 16. ágúst 2025 játaði ákærði að hafa bitið brotaþola í rassinn en kvað það hafa verið gert í gríni og ekki oft. Hann lýsti leik á milli þeirra þar sem hann spyrði hvort hann ætti að bíta hana og hún neitaði hlējandi. Í skýrslutöku 26. ágúst lýsti hann atvikinu á ný sem leik og sagði að hann hefði í raun aldrei bitið hana, heldur „nagað“ hana. Hann líkti þessu við leik foreldra við börn sín og kvað þetta ávallt hafa verið utan klæða.

Engin vitni voru að háttseminni sjálfri, en einn starfsmaður kom að brotaþola þar sem hún var grátandi og ákærði gaf þá skýringu að hann hefði bitið hana í rassinn. Tveir aðrir starfsmenn staðfestu að hafa heyrt þessa frásögn. Yfirmaður ákærða bar að hún hefði rætt málið við ákærða og bent honum á að hegðunin væri óeðlileg.

Engin nánari gögn liggja fyrir um hvar eða hvernig háttsemin átti sér stað. Svo virðist þó sem hún hafi átt sér stað í opnu rými þar sem bæði önnur börn og starfsfólk voru viðstödd og að ákærði hafi ekki leitast við að dylja háttsemina. Þá verður ráðið að brotaþoli hafi verið í bleyju á þessum tíma. Verður því að leggja til grundvallar að ákærði hafi bitið eða nartað í rass brotaþola utan yfir klæðnað og bleyju.

Háttsemi ákærða er í ákæru talin varða við 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Samkvæmt fyrrnefnda ákvæðinu varðar önnur kynferðisleg áreitni fangelsi allt að sex árum. Samkvæmt síðarnefnda ákvæðinu skal hver sá sem sýnir barni yfirgang, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi, særir það eða móðgar sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Ákærði lýsti háttsemi sinni sem leik á milli vina og kvað þau hafa verið að fíflast saman. Ljóst er að ákærði leit á brotaþola sem vin og að hún var hænd að honum. Þótt sú

háttsemi að bíta í rass geti við ákveðnar aðstæður verið kynferðislegs eðlis og fallið undir kynferðislega áreitni hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að ákærði hafi haft kynferðislegan ásetning. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 40/1992 er kynferðisleg áreitni skilgreind sem ýmiss konar káf, þukl og annars konar líkamleg snerting eða ljósmyndun af kynferðislegum toga. Sérstaklega er tekið fram að ekki sé ætlunin að takmarka eðlilega umhirðu og gælur foreldra og annarra ættingja við börn sín og barnabörn. Þótt ákærði sé ekki ættingi brotþola var hann umönnunaraðili hennar og leit svo á að um eðlilegan leik og gælur væri að ræða.

Ákærði var ekki spurður af lögreglu hvort brotþoli hefði einhvern tímann meitt sig eða grátið vegna bita hans og verður því ekkert fullyrt um það. Framburður hans verður ekki skilinn öðruvísi en svo að hann hafi hafnað því að hafa bitað hana fast, heldur hafi hann nartað í hana í leik. Allt bendir til þess að ákærði hafi talið háttsemi sína eðlilega og hafi ekki ætlað sér annað en að leika við brotþola. Þá verður ráðið af viðbrögðum starfsmanna leikskólans að þeim hafi þótt hegðunin undarleg og jafnvel óviðeigandi en ekki refsiverð. Það var ekki fyrr en eftir atvikið 12. ágúst sem litið var á málið í öðru ljósi.

Með hliðsjón af því sem liggur fyrir um atvik, kringumstæður og huglæga afstöðu ákærða telur dómurinn að háttsemi hans geti hvorki talist kynferðisleg áreitni skv. 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga né ruddalegt eða ósiðlegt athæfi gagnvart barni í skilningi 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Verður ákærði því sýknaður af sakar efni ákærunnar frá 9. apríl 2026.

Refsing, bótakrafa og sakarkostnaður

Ákærði er fæddur í [...] og var því [...] árs er hann framdi brotið. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 10. apríl 2026, hefur hann ekki áður gerst sekur um refsiverð brot.

Í málinu liggja fyrir ítarlegar upplýsingar um geðheilbrigði og þroska ákærða. Niðurstöður tveggja greindarprófa sýna að hann hefur greind á tornæmisstigi. Samkvæmt tveimur matsgerðum geðlækna býr hann þó ekki við neinn geðsjúkdóm eða annað ástand sem gæti leitt til þess að hann teljist ósakhæfur. Í undirmatsgerð kemur fram að ákærði geri sér grein fyrir því að hann hafi gerst brotlegur og sjái eftir háttsemi sinni. Þá búist hann við að þurfa hugsanlega að sæta fangelsisvist. Undirmatsmaður telur ekkert því til fyrirstöðu að refsing í formi fangelsisvistar kunni að geta borið árangur. Fyrir dómi kom fram hjá undirmatsmanninum að hann væri ekki sannfærður um að refsing myndi bera árangur, þótt hún kynni að gera það.

Í niðurstöðum yfirmatsgerðar kemur fram að yfirmatsmenn telji ekkert hafa komið fram sem bendi til þess að refsing geti ekki borið árangur þrátt fyrir greind á tornæmis-

stigi. Fyrir dómi greindu þeir frá því að þeir teldu refsingu geta borið árangur þar sem ákærði væri ekki þroskaskertur og gerði sér grein fyrir því að hann hefði brotið af sér.

Það er niðurstaða dómsins, sem skipaður er sérfróðum meðdómanda, að 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eigi ekki við um ákærða og að ástand hans sé heldur ekki slíkt að 16. gr. laganna geti átt við. Ekkert hefur komið fram um aðra þætti sem gætu haft áhrif á sakhæfi hans en tornæmi. Þrátt fyrir tornæmi hefur ákærði getað starfað á almennum vinnumarkaði og ekkert bendir til þess að veruleg vandkvæði hafi komið upp í daglegu lífi hans. Tornæmi ákærða fellur ekki undir þroskahömlun, andlegan vanþroska eða annað sambærilegt ástand sem gæti leitt til þess að refsing gæti ekki borið árangur.

Við ákvörðun refsingar verður litið til þess að meðferð málsins fyrir dómi hefur tekið nokkurn tíma, einkum vegna öflunar matsgerða. Til mildunar horfir að ákærði hefur játað háttsemi sína, sbr. 8. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Gögn málsins benda til þess að ákærði hafi ekki sérstaklega leitast við að starfa með börnum eða sóst eftir því að vera einn með þeim. Engu að síður er ljóst að hann nýtti tækifærið þegar hann var í slíkri aðstöðu og misnotaði það traust sem honum var falið til að gæta ungra barna í leikskóla. Með háttsemi sinni stefndi hann velferð og andlegu heilbrigði brotþola í augljósa hættu. Brot hans var gróft og beindist að mikilvægum hagsmunum ungs barns í hans umsjá sem átti að njóta þar öruggs skjóls. Við ákvörðun refsingar verður til refsilyngingar litið til 1., 2., 3., 6. og 7. töluliðar 1. mgr. 70. gr. og a-liðar 195. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af öllu framangreindu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár. Gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt frá 13. ágúst 2025 dregst frá refsingunni, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu brotþolans A er krafist miskabóta að fjárhæð 7.000.000 króna auk vaxta. Ákærði hefur með broti sínu bakað sér bótaábyrgð gagnvart brotþola, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Brot ákærða var alvarlegt og til þess fallið að valda brotþola andlegu tjóni og miska en vegna ungs aldurs hennar er óljóst hverjar afleiðingar brotsins kunna að verða til framtíðar. Að framangreindu virtu þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 2.500.000 krónur og bera þær vexti eins og í dómsorði greinir. Ákærða var kynnt bótakrafan 21. september 2025 og miðast upphafsdagur dráttarvaxta við mánuð frá þeim degi.

Í samræmi við framangreinda niðurstöðu vegna ákæru frá 9. apríl 2026 verður einkaréttarkröfu brotþola, C, vísað frá dómi, sbr. 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Ákærði greiði helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Bjarna Haukssonar lögmanns, sem í heild nema 8.022.180 krónum, og helming þóknunar skipaðs réttargæslumanns brotþolans A, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmanns, sem í heild nemur 989.520 krónum. Helmingur málsvarnarlauna verjanda og þóknunar réttargæslumanns

brotabólans A greiðist úr ríkissjóði. Þóknun réttargæslumanns brotabólans C, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmans, 609.615 krónur, greiðist úr ríkissjóði. Annar sakarkostnaður að fjárhæð 327.298 krónur, vegna ákæru frá 9. apríl 2026, greiðist úr ríkissjóði. Ákærði greiði helming annars sakarkostnaðar, sem í heild nemur 3.885.060 krónum, en helmingur hans greiðist úr ríkissjóði. Við ákvörðun þóknunar lögmanna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Sigurður Ólafsson saksóknari.

Dóminn kveða upp Barbara Björnsdóttir héraðsdómari, Guðrún Sesselja Arnardóttir héraðsdómari og Kristinn Tómasson geð- og embættislæknir.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í þrjú ár. Gæsluvarðhald ákærða frá 13. ágúst 2025 dregst frá refsingunni.

Ákærði greiði A 2.500.000 krónur með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 12. ágúst 2025 til 21. október 2025, en þá með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga til greiðsludags.

Einkaréttarkröfu C er vísað frá dómi.

Ákærði greiði helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Bjarna Haukssonar lögmans, sem í heild nema 8.022.180 krónum, og helming þóknunar skipaðs réttargæslumanns brotabólans A, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmans, sem í heild nemur 989.520 krónum. Helmingur málsvarnarlauna verjanda og þóknunar réttargæslumanns brotabólans A greiðist úr ríkissjóði. Þóknun réttargæslumanns brotabólans C, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmans, 609.615 krónur, greiðist úr ríkissjóði. Annar sakarkostnaður að fjárhæð 327.298 krónur greiðist úr ríkissjóði. Ákærði greiði helming annars sakarkostnaðar, sem í heild nemur 3.885.060 krónum, en helmingur hans greiðist úr ríkissjóði.

Barbara Björnsdóttir
Guðrún Sesselja Arnardóttir
Kristinn Tómasson